

STEFNUMÓTUN

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFI

54. Sambandsþing UMFI haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFI fari, í samráði við ÍSÍ, af stað í samráði í heildarstefnumótun fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna.

Markmið stefnumótunarinnar er að:

- Skilgreina skýrara hlutverk innan og milli hreyfinganna, sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra
- Skilgreina óskir og forgangsmál hreyfingarinnar varðandi aðkomu ríkis og sveitarfélaga
- Leggja fram sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk og ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.

Greinargerð:

Samtökin eiga í vaxandi samstarfi sem kallar á stefnumótun. Í samningi við Mennta- og barnamálaráðuneytið er einnig kveðið á um að ÍSÍ og UMFI leggi fram tillögur sem miða að því að styrkja forsendur og innviði íþróttastarfs í landinu. Þessi samþykkt er liður í því að uppfylla þá skuldbindingu.

Heildarstefnumótun gerir hreyfingunni kleift að bregðast við áskorunum sem fram undan eru með skýrari verkaskiptingu, aukinni samvinnu og betri nýtingu fjármagns og mannauðs. Með því að horfa til heildarinnar verður einnig tryggt að sjónarmið allra hluta hreyfingarinnar, sambandsaðila og aðildarfélaga komi fram og verði hluti af framtíðarsýninni.

Slík stefnumótun mun jafnframt styrkja stöðu hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum. Þegar liggur fyrir skýr framtíðarsýn, forgangsöröðun og afstaða til hlutverka ríkis og sveitarfélaga í starfseminni, er unnt að eiga markvissari samtal við stjórnvöld um stuðning, fjármögnun og ábyrgð.

Með þessari vinnu er lagður grunnur að því að íþrótt- og ungmennafélagahreyfingin geti starfað áfram af festu, skilað meiri árangri og þjónað samfélaginu á skipulegan og sjálfbæran hátt til framtíðar.

Vísað til: